

- 7.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1. miðast við óupphituð flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.
- 7.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

8. Almenn ákvæði.

- 8.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksþunga þess eins og hann er skráður í lofthæfisskríteinu.
- 8.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða giróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða giróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að stöðva notkun loftfara hlutaðeigandi flugrekanda.

9. Gildistaka.

- 9.1. Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felldar úr gildi gjaldskrá fyrir nánar tiltekna flugvelli og sjó-flughafnir nr. 183 18. október 1951, gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflogvöll nr. 211 15. júní 1973 og auglýsing um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 334 16. júlí 1975.

Samgönguráðuneytið, 28. febrúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

VIÐAUKI

við Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnessýslu.

Um sumarbústaði.

1. gr.

Sumarbústaður skv. samþykkt þessari er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.

Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallist á tillögur skv. 1. mgr., skal hún svo fljótt sem verða má tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi fram land undir vegi og sam-
eiginleg útivistarsvæði allt að $\frac{1}{3}$ af heildarflatarmáli þeirra sumarbústaðalanda, er samþykkt hennar nær til, sbr. 30. gr. í lögum nr. 19/1964.

5. gr.

Þegar hreppsnefnd og skipulagsstjórn hafa samþykkt tillögu að skipulagi landsins og heimilað skiptingu, skv. 3. gr., skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann selur eða leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja afsali.

Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða og bílskýlis, ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skolpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0.5 hektarar, nema í sumarbústaðahverfum, þar skal lágmarksstærð lóðar vera 2000 m².

6. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með afsali eða leigu-
samningi, skal hann kynna kaupanda (leigutaka) hverjum skilyrðum byggingaleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa afsali eða leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað for-
kaupsrétti (forleigurétti) og staðfest þá ákvörðun með áritun á afsal eða leigu-
samning. Við áritun og afsal eða leigusamning skal þess gætt að skilyrða, skv. 1. mgr., sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villst.

Í afsali (leigusamningi) eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því sem þau geta átt við:

1. Til hve langs tíma byggingaleyfið gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústaði. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 45 m². Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær mörkum en 10 metra og ekki vera nær vegi en 15 metra. Girðingar á mörkum skulu vera limgerði eða lágur einfaldar girðingar, nema hreppsnefnd heimili annars konar girðingu.
4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skolpveitu, oliugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps svo og eyðingu þess (brottf lutningi) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).

6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan umbúnað.
7. Eftir að byggingarleyfi er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafist þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ákvörðun með a. m. k. 1 árs fyrirvara.
Ef sumarbústað er svo illa við haldið eða ásigkomulag hans að öðru leyti þannig, að til verulegrar óþrýði er, og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt, sem að framan greinir.
8. Um þrífnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslu, skulu gilda ákvæði heilbrigðis- og lögreglusamþykktu hreppsins, eftir því sem þær geta átt við.
9. Í leigusamningi eða afsali skal auðkenna land með nafni og/eða númeri, þannig að ekki verði um villst.
10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi: Við afhendingu byggingaleyfis í hrepps-sjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 50 000.00, síðan kr. 5 000.00 til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 125 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. fl. 6. gr.
11. Hreppsnefnd er heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 5 000.00 árlega af hverju sumarbústaðalandi vegna nauðsynlegrar gæslu og eftirlits, auk sérstaks gjalds, sem hreppsnefnd ákveður, þegar sorphirðing verður tekin upp.
12. Á gjöld samkvæmt þessari grein má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingaleyfi fyrir sumarbústöðum, og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingasamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagssamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má, að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði en segir í 6. gr., þó eigi stærri en 50 m².

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði, eins og að ofan greinir, getur hreppsnefnd áskilið tiltekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sýnd sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílstæði og annað slíkt. Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja, skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 59/1976 um réttindi og skyldur sameigenda í fjölbýlis-húsum frá 17. maí 1976.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands selja það, með eða án mannvirkja, og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda (leigutaka) og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem samin er og samþykktur af hreppsnefndum Þingvallahrepps, Grímsneshrepps og Grafningshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

17. febrúar 1977.

Nr. 131.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnessýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943 um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnessýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

18. febrúar 1977.

Nr. 132.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 186 6. júní 1973 um Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga með fasteignaskatti 15. janúar. Greiðist skatturinn ekki á réttum gjalddaga falla á hann dráttarvextir.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 21. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.